

Samþykktir fyrir Menningarmiðstöð Fljótshálsa

1. gr.

Stofnunin heitir Menningarmiðstöð Fljótshálsa.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk menningarmiðstöðvarinnar er að efla lista- og menningarstarf á Fljótshálsa og Austurlandi.

Menningarmiðstöðin nýtir það húsnæði og aðstæður sem tiltækar eru og henta hverju sinni.

3. gr.

Helstu verkefni

Þessu hlutverki sínu sinnir menningarmiðstöðin með því að:

- bjóða upp á metnaðarfulla menningardagskrá á öllum sviðum menningar og lista,
- hafa samvinnu við listafólk, menningarstofnanir, skóla og frjáls félagasamtök í sveitarfélaginu og standa m.a. árlega fyrir sameiginlegum fundi með þessum aðilum um samstarf og sameiginlega hagsmuni,
- bjóða upp á aðstöðu fyrir menningar- og tólmundastarf, m.a. fyrir ungt fólk,
- stuðla að fræðslustarfi og kynningu á menningu og listum,
- sjá um útleigu á vinnustofu og gestaíbúð fyrir listafólk og aðra sem sinna skapandi störfum,
- sinna sérstaklega málefnum sviðslistar og hafa yfir að ráða starfsmanni með sérþekkingu á málefninu, samkvæmt samningi Fljótshálsa við Menningarráð Austurlands,
- taka þátt í samstarfi við aðrar menningarmiðstöðvar á Austurlandi í samræmi við stefnu sveitarfélaga á Austurlandi í menningarmálum,
- eiga samstarf við listaskóla og þjóðmenningarstofnanir á landsvísi,
- hafa umsjón með rekstri Sláturhúss – menningarsetri.

4. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd Fljótshálsa fer með stjórn Menningarmiðstöðvar Fljótshálsa. Hlutverk stjórnar er að gera samþykktir og tillögu að fjárhagsáætlun menningarmiðstöðvarinnar. Bæjarstjóri ræður forstöðumann Menningarmiðstöðvar Fljótshálsa í samráði við atvinnu- og menningarnefnd.

5. gr.

Forstöðumaður

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Fljótshálsa fer með daglega stjórnun og rekstur menningarmiðstöðvarinnar. Hann ræður til hennar starfsfólk í samráði við atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúa, sem er hans næsti yfirmaður.

6. gr.

Fagráð

Atvinnu- og menningarnefnd skipar að hausti þrjá fulltrúa í fagráð Menningarmiðstöðvar Fljótshálsa til tveggja ára í senn. Fulltrúar fagráðsins skulu hafa góða og faglega þekkingu á málefnum lista og menningar og þar af skal a.m.k. einn vera með þekkingu á sviðslistum. Hlutverk fagráðsins er, ásamt forstöðumanni miðstöðvarinnar, að:

- gera árlega listræna stefnu og áætlun um helstu verkefni miðstöðvarinnar
- vinna að þróun starfseminnar
- fylgja eftir hlutverki og helstu verkefnum miðstöðvarinnar

Fagráðið er skipað, samkvæmt tilnefningu, einum fulltrúa frá hverri eftirtalinna stofnana eða fagfélagi og einum til vara:

- Leikfélagi Fljótsdalshéraðs
- Listaháskóla Íslands
- Lungaskólanum
- Menntaskólanum á Egilsstöðum
- Sviðslistasambandi Íslands

Til að gæta jafnréttis tilfnefna þessir aðilar karl og konu. Atvinnu- og menningarnefnd skipar í fagráðið með hliðsjón af því að bæði kyn eigi fulltrúa í ráðinu.

Fagráð fundar tvisvar til þrisvar sinnum á ári og fær greidda þóknun fyrir fundasetu.

7. gr.

Forstöðumaður menningarmiðstöðvarinnar skal fyrir 15. september ár hvert skila atvinnu- og menningarnefnd greinargerð um starfsemi miðstöðvarinnar fyrir líðandi ár og jafnframt gera grein fyrir helstu áherslum í starfsemi og rekstri hennar fyrir næsta ár.

Rita skal fundargerðir fagráðs sem lagðar eru fyrir atvinnu- og menningarnefnd.

8. gr.

Samþykktir þessar skulu teknar til endurskoðunar fyrir 1. september 2017.

Samþykkt í atvinnu- og menningarnefnd Fljótsdalshéraðs 12. nóvember 2018.

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 21. nóvember 2018.